UMHVERFIS
STOFNUN

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 9. október 2020
UST202010-087/G.S.Á.
08.06.02

**Efni: Eftirlit 2020 - Olíudreifing - Djúpivogur - Lokunareftirlit þann 10.9.2020**

Þann 10. september sl. fór fram lokunareftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar á Djúpavogi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.
Lóðin hefur verið metin hæf til afhendingar og stöðinni lokað með fullnægjandi hætti.

Virðingarfyllst,

G. Stella Árnadóttir
Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Gottskálk Friðgeirsson

**Afrit:**
Heilbrigðisnefnd Austurlands

# EFTIRLITSSKÝRSLA

UMHVERFIS STOFNUN

**Olíudreifing Djúpavogi**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 10.9.2020 | **Ábyrgðarmaður eftirlits** | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| **Fyrirtæki** | Olíudreifing | **Eftirlitsmaður** | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| **Heimili** | Hólmaslóð 8 - 10 | **Tegund eftirlits** | Lokunareftirlit |
| **Kennitala** | 6606952069 | **Flokkur** | Olía |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Gestur Guðjónsson | **ÍSAT nr.** | 63.40 |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | | **Staðsetning** | 725275,57 470435,905 |

**NIÐURSTAÐA EFTIRLITS**

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.
Lóðin hefur verið metin hæf til afhendingar og stöðinni lokað með fullnægjandi hætti.

**UMFANG EFTIRLITS**

Olíubirgðastöðin á Djúpavogi var tekin úr notkun í september 2017.
Eftir að stöðin var tæmd, geymar og lagnir fjarlægðar var jarðvegi velt upp í garða og þar í blandað áburði til þess að flýta fyrir niðurbroti þeirrar olíu sem finnst í jarðveginum.

Farið var þann 10. september sl. á lóð stöðvarinnar og litið yfir svæðið. Gengið var um lóðina og myndir teknar. Girðing og hlið um stöðina er enn til staðar. Nokkrar holur voru grafnar með skóflu í hauginn til að kanna hvort finna mætti merki um olíulykt eða brák með vatnsprófi. Ekkert slíkt fannst. Var haugnum snúið í framhaldinu.
Þann 24. sept. sl. fór rekstraraðili á staðinn og gerði vatnspróf á jarðveginum úr haugnum. Grafið var með vélskóflu í hauginn og vatn látið renna í skófluna. Eftirlitsmaður var í mynd á FaceTime og fylgdist með framkvæmdinni. Ekki var að sjá nein merki um olíubrák í jarðveginum.
Lóðin hefur því verið metin hæf til afhendingar.

**ÁBENDINGAR**

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

**ANNAÐ**

Sameiginleg aðstaða stöðvarinnar með N1 fyrir dælur o.þ.h. verður látin óhreyfð og nýtist áfram sem lager- og skrifstofuhúsnæði N1 á staðnum.

Reykjavík, 09.10.2020

*[signature]*

Guðbjörg Stella Árnadóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.